

Alþingi
Erindi nr. P 136/571
komudagur 17.12.2008

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
B.t. Eiríks Áka Eggertssonar ritara,
eirikure@althingi.is
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

15. desember 2008
Tilvísun: 2008120064

Efni: Athugasemdir við frumvarp um breytingar á lögum nr. 129/1997

Fjármálaeftirlitið lýsir í meginatriðum ánægju með frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. (þskj. 297) og telur að það verði til talsverðra bóta á lagalegri umgjörð lífeyrissjóðanna. Fjármálaeftirlitið telur þó að ýmis fleiri atriði núgildandi laga nr. 129/1997 þurfi nánari skoðunar við í náinni framtíð, en hefur fullan skilning á að þau atriði sem er að finna fyrirliggjandi frumvarpi þurfa að fá samþykki Alþingis sem fyrst og verða að njóta forgangs að þessu sinni.

Fjármálaeftirlitið gerir engar athugasemdir við 1. til 9. gr. frumvarpsins.

Í c. lið 10. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum verði hækkuð úr 10% af hreinni eign sjóðanna í 20%. Hér er því um að ræða tvöföldun heimildarinnar. Fjármálaeftirlitið hefur fullan skilning á því að aðstæður á fjármálamörkuðum hér á landi hafa þróast á þann veg að þrengst hefur um fjárfestingarkosti lífeyrissjóðanna og fárra kosta vöð í fjárfestingum í skráðum hlutabréfum. Engu að síður er hér um nokkuð mikla aukningu að ræða í verðbréfum sem eru eðli málsins samkvæmt áhættusamari en þau verðbréf sem skráð eru á markað. Í greinargerð með frumvarpinu segir reyndar um þessa grein að búast megi við að þetta hlutfall verði endurskoðað þegar betra jafnvægi kemst á fjármálamarkaðinn, en í lagatextanum sjálfum segir þó ekkert um að þetta ákvæði skuli vera tímabundið. Fjármálaeftirlitið hefur talið eðlilegt að rýmka það hlutfall sem er í lögnum, en með tilliti til varfærnisjónarmiða talið nægjanlegt að það væri aukið í 15%.

Í 11. gr. er lagt til að allur séreignarsparnaður, hvort sem hann er í vörslu lífeyrissjóða eða annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar skv. 8. gr. laganna, þ.e. viðskiptabanka, sparissjóða, verðbréfafyrirtækja eða líftryggingafélaga, skuli vera settur undir sama hatt hvað fjárfestingar varða. Í gildandi lögum er þessu háttáð á þann veg að séreignasparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna fellur undir tiltölulega varfærnar fjárfestingar 36. gr. laganna, en séreignasparnaður í vörslu annarra aðila fellur ekki undir neina fjárfestingarskorður. Hefur slíkum aðilum þannig verið til dæmis heimilt að fjárfesta allan séreignasparnaðinn eingöngu í hlutabréfum eins félags, með slæmum afleiðingum fyrir sjóðfélaga.

Fjármálaeftirlitið hefur fullan skilning á að jafnræði skuli ríkja á milli aðila á þessum markaði. Fjármálaeftirlitið hefði hins vegar talið nægjanlegt við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi að draga lífeyrissparnað vörsluaðila, annarra en lífeyrissjóðanna, að hluta til undir þær hömlur á fjárfestingarstefnu sem er að finna í 36. gr., frekar en að losa séreignasparnað í vörslu lífeyrissjóðanna undan þeim hömlum. Hafa verður í huga að eins og ákvæðið er sett upp í

frumvarpinu væri heimilt að fjárfesta séreignasparnað 100% í hlutabréfum, að vísu með þeirri takmörkun að eingöngu mætti vera 20% í sama aðila eða tengdum aðilum, og jafnframt mætti fjárfesta 100% í afleiðum svo og 100% í erlendum gjaldmiðlum, jafnvel í einum erlendum gjaldmiðli með tilheyrandi gjaldmiðlaáhættu.

Einnig verður til hliðsjónar að með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er verið að opna fyrir að um 165 milljarða kr. séreignasparnaður, sem fallið hefur undir aðhaldssama fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna, verði fluttur yfir í áhættusamari fjárfestingar. Það er tæplega 70% af öllum séreignarsparnaði landsmanna í árslok 2007, sem nam á þeim tíma samtals 238 milljörðum, en þar af voru 73 milljarðar hjá vörsluaðilum öðrum en lífeyrissjóðum.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Fjármálaeftirlitið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 11. gr. frumvarpsins:

f. Samanlögð eign hvernar fjárfestingarleiðar má ekki vera meira en 70% í hlutabréfum fyrirtækja.

g. Afleiðusamningar mega aldrei vera meira en 10% af hreinni eign hvernar fjárfestingarleiðar.

Fjármálaeftirlitið vill jafnframt benda á að það yrði til bóta að aftan við síðustu málsgrein 11. gr. frumvarpsins sem kveður á um að vörsluaðilar séreignarsparnaðar skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert, komi viðbótin: sbr. 37. gr.

Fjármálaeftirlitið vill vekja athygli á að háttvirtri efnahags- og skattanefnd láðist að senda Fjármálaeftirlitinu frumvarp þetta til umsagnar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Ólafur E. Friðriksson
Ólafur E. Friðriksson